listir listi



Edda Hólm, Sólveig Hauksdóttir og Guðrún Gísladóttir í hlutverkum sínum.

Alþýðuleikhúsið í nýjum húsakynnum í kvöld

Í kvöld kl. 20.30 er fyrsta frumsýning Alþýðuleikhússins í hinum nýju húsakynnum þess í Hafnarbíói. Frumsýndir verða 3 einþáttungar — Fótaferð, Ein og Við höfum allar sömu sögu að segja, — en þeim hefur verið valið samheitið Kona. Miðasala er við innganginn frá kl. 5 alla daga.

Góðkunningi íslenskra leikhúsgesta Dario Fo og kona hans Franca Rame eru höfundar þátt-anna. Sjálf segja þau þessa þætti vera framlag þeirra til jafnréttisbaráttu kynjanna og hafa þættirnir farið sigurför víða um Evrópu í túlkun Franca Rame, enda sérstaklega skrifaðir fyrir hana sem leikkonu. Um tilurð þáttanna segir Franca:

„Árum saman var ég að nauða í Dario að skrifa leikrit um konur og stöðu þeirra. Ég hótaði meira að segja að skilja við hann. Hvers vegna um konur? Vegna þess að ég er kona. Ég hef svo margt að segja. Gallinn var bara sá, að ég gat ekki skrifað sjálf. Ég keypti allar bækur, sem mér fundust koma að gagni, las og fékk svo Dario. Eftir tvo manuði spurði ég: „Jæja, er þetta ekki að koma?" En hann svaraði afundinn, „láttu mig í friði, mér finnst ég utanveltu í þessari umræðu". En, verkið komst á skrið. Dario Fo bætir við: „Ég skrifaði og skrifaði og alltaf reif hún niður allt mitt verk og sagði mér að gera betur, þar til það loksins fæddist".

Kona var frumsýnd í Milano 1977. Óhætt er að fullyrða að Dario Fo fer ekki hefðbundnar leiðir í umfjöllun sinni um stöðu konunnar og er í fullu gildi kenning hans sjálfs, að „leikhús eigi alltaf að vera skemmtilegt og að í leikhúsi eigir þú að koma auga á sjálfan þig.

Einþáttungarnir, sem venjulega eru leiknir af sömu leikkonunni eru í sýningu Alþýðuleikhússins leiknir af þeim Sólveigu Hauksdóttur , Eddu Hólm, og Guðrúnu Gísladóttur. Leikstjóri er Guðrún Ásmundsdóttir, búningar og tjöld eru eftir Ivan Török, Gunnar Reynir Sveinsson hefur samið áhrifahljóð, lýsing er hönnuð af David Walters. Sýningarstjóri er Gyðný Helgadottir. Olga Guðrún Árnadóttir þýddi Fótaferð og Ein, en Ólafur Haukur Símonarson og Lárus Ýmir Óskarsson þýddu Við höfum allar sömu sögu að segja.

Al. hefur áður sýnt Við borgum ekki, Við borgum ekki, eftir Dario Fo.

Forsala aðgöngumiða á Lennon-tónleikana

Forsala aðgöngumiða á minningartónleikana um John Lennon er nú hafin og verða miðarnir seldir í hljómplötuversluninni Skifunni og í Austurbæjarbíó.

Verð miða er 50 nýkr. stykkið.

„Vetrarmynd" að ljúka

AB — „Vetrarmynd", samsýningu 11 myndlistarmanna á Kjarvalsstöðum lýkur nú um helgina. Sýningin hefur að sögn listamannanna gengið mjög vel, aðsókn hefur verið góð og listaverkin hafa fengið lofsamlega umfjöllun gesta sýningarinnar.

Sýningin verður opin daglega til næsta sunnudags, og er hún opin frá kl. 14 til kl. 22. Næsta helgi er sem sagt síðasta sýningarhelgi sýningarinnar.



Sigurður Örlygsson er einn listamannanna sem sýnir á samsýningunni „Vetrarmynd", og hér sjást nokkur verka hans.

Tímamynd—G.e.

Valgerður Bergsdóttir:


Sýnir teikningar í Galleri Langbrók

Valgerður Bergsdóttir opnar sýningu á teikningum í Galleri Langbrók, Amtmannsstíg 1, í dag. Sýningin verður opnuð kl. 12 á hádegi og verður síðan opin virka daga frá kl. 12—18 til 20. febrúar n.k.. Á sýningunni eru 14 blýantsteikningar, flestar unnar árið 1980.


Valgerður Bergsdóttir stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og við Statens Kunstindustri- og Handværkerskolen í Osló.

Valgarður hefur sýnt grafík og teikningar á sýningum hér heima, á Norðurlöndunum, Þýskalandi, Frakklandi, Argentínu og Bandaríkjunum.

Verk hennar eru í eigu safnara hér og erlendis.



Valgerður með eitt verka sinna.



Nú stendur yfir á Mokkakaffi sýning Gunnlaugs Ólafssonar á 18 teikningum. Mun sýning Gunnlaugs, sem nú er við nám í arkitektúr standa í þrjár vikur.

listir listi

RÍKISSKIP Sími: 28822

BROTTFARARDAGAR FRÁ REYKJAVÍK:

VESTFIRÐIR: Alla þriðjudaga og annan hvern föstudag
NORÐURLAND: Alla þriðjudaga og annan hvern föstudag
NORÐ- AUSTURLAND: Vikulega fimmtudaga eða föstudaga
AUSTURLAND OG VESTMANNAEYJAR: Alla fimmtudaga

Biðjið um áætlun